



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**AFREKSMERKI HINS ÍSLENSKA LÝÐVELDIS
VEITT VEGNA BJÖRGUNARSTARFA**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæmdi í dag, laugardaginn 17. apríl 2004 þrjá grindvíska björgunarsveitarmenn afreksmerki hins íslenska lýðveldis á hátíð í Íþróttamiðstöðinni í Grindavík að viðstöddum fjölmörgum bæjarbúum. Afreksmerkið hljóta björgunarsveitarmennirnir fyrir frækilega björgun áhafnar vélbátsins Sigurvins GK 61 sem fórst í innsiglingunni við Grindavíkurhöfn þann 23. janúar 2004.

Eftirtaldir áhafnarmeðlimir slöngubátsins Hjalta Freys voru sæmdir afreksmerkinu úr silfri:

Björn Óskar Andrésen,
Hlynur Sæberg Helgason,
Vilhjálmur Jóhann Lárusson.

Í meðfylgjandi greinargerð um þessa ákvörðun segir m.a.: „Telur nefndin að gögn beri greinilega með sér að þeir Björn, Hlynur og Vilhjálmur hafi umrætt sinn sýnt mikið snarræði og unnið frækilegt björgunarafrek við erfiðar aðstæður. Með því að sæta lagi og skjótast inn í háa brimskafla á litlum slöngubáti til að bjarga skipverjum á Sigurvini lögðu þeir sig í mikla hættu, en með mikilli útsjónarsemi, áræði og hæfni tókst þeim ætlunarverk sitt.“

Afreksmerki hins íslenska lýðveldis var stofnað 1950 og var það síðast veitt þyrlusveit Varnarliðsins árið 2001 og þar áður áhöfnum af þyrlu Landhelgisgæslunnar TF Líf árið 1997. Afreksmerkið veitir forseti Íslands að tillögu afreksmerkjanefndar en í henni sitja þeir Haraldur Henrysson sem er formaður nefndarinnar, Ólafur G. Einarsson formaður orðunefndar og Jón Gunnarsson formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

17. apríl 2004

Meðfylgjandi: Endurrit úr gjörðabók afreksmerkisnefndar

ENDURRIT

úr gjörðabók afreksmerkisnefndar skv. forsetabréfi nr 85. frá 9. október 1950.

Ár 2004, miðvikudaginn 7. apríl, kom nefnd um veitingu afreksmerkis hins íslenska lýðveldis saman í skrifstofu forseta Íslands við Sóleyjargötu. Nefndina skipa nú Haraldur Henrysson, formaður, Ólafur G. Einarsson, formaður orðunefndar og Jón Gunnarsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Fundarefnið var að ræða um það björgunarafrek, er áhöfn slöngubátsins Hjalta Freys frá Björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík bjargaði áhöfn vélbátsins Sigurvins GK 61 úr sjávarháská í innsiglingunni við Grindavíkurhöfn 23. janúar 2004. Nefndarmenn hafa átt saman óformlegar viðræður um málið og kynnt sér atvik þess. Fyrir nefndinni liggja útkallsskýrsla Björgunarsveitarinnar Þorbjörns og skýrsla lögreglunnar til sýslumannsins í Keflavík.

Efnisatvik eru þau að hinn 23. janúar 2004 upp úr kl. 11 árdegis fórst vélbáturinn Sigurvin GK 61 í innsiglingunni við Grindavík. Tveir menn voru á bátnum og var þeim báðum bjargað af félögum í björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík, en þeir höfðu verið kallaðir út kl. 11:17. Annar mannanna, Heimir Gunnar Hansson, hékk utan í gúmbjörgunarbáti Sigurvins GK 61 í brimi skammt utan við eystri brimvarnargarðinn. Bátsverjar á slöngubáti björgunarsveitarinnar, Hjalta Frey, náðu að sæta lagi milli ólaga og komast að manningum. Hann var í kuldasamfestingi með björgunarvesti og var orðinn mjög blautur og þar af leiðandi þungur. Náðist hann því ekki strax upp í bátinn, en brugðið var á það ráð að halda honum utan á síðunni á Hjalta Frey meðan siglt var út úr brotunum á lygnari sjó þar sem hann var síðan dreginn um borð. Var þegar haldið með manninn til hafnar þar sem sjúkrabíll tók við honum. Var hann kaldur og þrekaður en með ágætri meðvitund.

Skömmu síðar sást til hins skipverjans á Sigurvini GK, Svans Karls Friðjónssonar, í brimi skammt austan við endann á eystri garðinum. Björgunarskipið Oddur V. Gíslason reyndi að komast að manningum en fékk á sig brot þar sem hann var kominn mjög nálægt landi. Fyrirnefndur slöngubátur, Hjalti Freyr, kom þá á ný á vettvang og gátu skipverjar skotist milli ólaga og náð manningum um borð. Var hann alveg hreyfingarlaus þegar að var komið en hann flaut á björgunarvesti er hann hafði á sér. Var haldið með hann til hafnar, en hann var mjög kaldur og þrekaður og með litla meðvitund. Var þessum aðgerðum lokið um kl. 11:39.

Þegar umræddur atburður varð var vest-suðvestan kald, hiti 2 gráður á celsíus, ölduhæð 5,3 metrar og brim.

Í áhöfn slöngubátsins Hjalta Freys voru umrætt sinn þessir menn:

Björn Óskar Andrésson
Hlynur Sæberg Helgason
Vilhjálmur Jóhann Lárusson.

Nefnd um afreksmerki hins íslenska lýðveldis hefur farið yfir ofangreind gögn vegna björgunarinnar. Telur nefndin að gögn beri greinilega með sér að þeir Björn, Hlynur og Vilhjálmur hafi umrætt sinn sýnt mikið snarræði og unnið frækilegt björgunarafrek við erfiðar aðstæður. Með því að sæta lagi og skjótast inn í háa brimskafla á litlum slöngubáti til að bjarga skipverjum á Sigurvini lögðu þeir sig í mikla hættu, en með mikilli útsjónarsemi, áræði og hæfni tókst þeim ætlunarverk sitt.

Það er álit nefndarinnar að fyrir þetta afrek verðskuldi þeir félagar fyllilega að þeim verði veitt afreksmerki hins íslenska lýðveldis.

Nefndarmenn eru því sammála um að leggja til við forseta Íslands, að þeim Birni Óskari Andrésyni, Hlyni Sæberg Helgasyni og Vilhjálmi Jóhanni Lárussyni, verði veitt afreksmerki hins íslenska lýðveldis úr silfri, samanber forsetabréf nr. 85/1950.



Upplýsingar til fjölmiðla

AFREKSMERKI HINS ÍSLENSKA LÝÐVELDIS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson mun á morgun, laugardaginn 17. apríl 2004, sæma þrjá grindvíska björgunarsveitarmenn afreksmerki hins íslenska lýðveldis á samkomu í Íþróttamiðstöðinni í Grindavík.

Afreksmerkið er veitt vegna björgunarafreks sem unnið var þann 23. janúar 2004 þegar félagar úr björgunarsveitinni Þorbirni í Grindavík björguðu áhöfn vélbátsins Sigurvins GK 61 úr sjávarháska við mjög erfiðar aðstæður í innsiglingunni við Grindavíkurhöfn.

Afreksmerki hins íslenska lýðveldis var stofnað 1950 og var það síðast veitt þyrlusveit Varnarliðsins árið 2001 og þar áður áhöfnum af þyrlu Landhelgisgæslunnar TF Líf árið 1997. Það er veitt vegna björgunar úr lífsháska.

Fjölmiðlum er boðið að vera viðstaddir athöfnina sem hefst kl. 13:30 í Íþróttamiðstöðinni í Grindavík.

16. apríl 2004